

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 8. árgangur • 3. tölublað • nóvember 2012

Ábm.: Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri



Akurskóli

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksþús

Skólasetning Akurskóla

Akurskóli var settur við hátíðlega athöfn í áttunda sinn 22. ágúst s.l. Í sumar voru tveir nýir skólastjórnendur ráðnir til skólans þær Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri og Bryndís Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Að venju voru nemendur í 1. bekk boðnir velkomnir með rós og er þetta skemmtileg og hátíðleg hefð.



Kálfar og Kiðlingar í veiðiferð og fuglaskoðunarferð Engin er verri þótt hann vökni

Á haustdögum örkuðu Kálfar og Kiðlingar af stað í veiðiferð þrátt fyrir ausandi rigningu. Farið var að tjörnunum rétt við skólann okkar en þar hafði Eydís, starfsmaður Náttúrustofu Reykjaness, lagt nokkrar gildirur fyrir um morguninn. Allir krakkarnir spreyttu sig á að veiða með háfi sem gekk misvel en ekki vantaði veiðiáhugann. Aflinn var síðan borinn upp í skóla þar sem honum var komið fyrir í fiskabúri í kennslurými krakkanna. Næstu daga, vikur og jafnvel mánuði hafa nemendur tækifæri á að fylgjast með, fræðast og skrá niður upplýsingar um það sem fram fer í búrinu.

Kiðlingar fóru einnig í fuglaskoðunarferð í október með nesti og heitt kakó. Eitthvað voru fáir fuglar á Fitjunum þann daginn en nemendur skemmtu sér þó vel og fóru í leiki á leiðinni heim.



Setning Ljósanætur—Gulir og glaðir nemendur Akurskóla!

Nemendur Akurskóla tóku þátt í setningu Ljósanæturhátíðar í haust við Myllubakkaskóla. Dagurinn hófst snemma og haldið var með rútum að gamla barnaskólanum en þaðan gengum við niður Suðurgötu og í gegnum skrudgarðinn með gular blöðrur en það er litur skólans á þessari hátíð.

Árni Sigfússon bæjarstjóri hélt ræðu og sameiginlegur kór úr öllum skólunum stýrði söngnum. Það voru þær Karen Mist Arngeirsdóttir og Tanja Sædal sem voru fulltrúar skólans í kórnum.

Athöfninni lauk með því að allir nemendur slepptu blöðrum. Nemendur skólans voru til fyrirmyndar á allan hátt og veðrið lék við okkur.



Krissi lögga kíkta í heimsókn í 1. bekk

Krissi lögga kom í heimsókn í 1. bekk á haustdögum og fræddi nemendur um hvað þarf að varast á leiðinni í skólann. Hvernig maður gengur yfir götu, notar umferðarljós ef þau eru til staðar og hvernig nota á endurskinsmerki. Einnig ræddi hann um nauðsyn þess að nota reiðhjólshjálma og mikilvægi þess að þeir séu rétt settir á höfuðið og rétt stilltir. Til að undirstrika mikilvægi hjálmsins sýndi hann þeim ósoðið egg sem hann setti í þar til gerðan frauðplasthjálma og lét detta í gólfíð annars vegar í hjálminum og hins vegar án hjálmsins. Nemendum brá mikið þegar eggíð skall óvarið í gólfíð og slettist út um allt og voru allir sammála um að nota alltaf hjálminn þegar þeir eru úti að hjóla. Einnig sýndi Krissi þeim handjárnin, piparúðann og kylfurnar sínar.



Vegleg gjöf

Á haustdögum fékk bókasafn Akurskóla, Thorkellisstofa, veglega gjöf. Áki Gränz mætti með tvö málverk sín og afhenti skólanum. Árni Sigfússon bæjarstjóri og Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri veittu gjöfinni viðtöku. Á öðru málverkinu er fyrsta hreppsnefnd Njarðvíkur og í bakgrunni er landslag Innri-Njarðvíkur eins og það var fyrir þá byggð sem er þar nú. Á hinu málverkinu eru fjölmörg fræg andlit sem tengjast Njarðvíkunum á einn eða annan hátt. Þar má sjá Hallgrím Pétursson, Jón Thorkellius sem gaf allar eigur sínar til þess að fátæk börn á þessu svæði gætu gengið í skóla og Sveinbjörn Egilsson sem fæddist í Innri-Njarðvík árið 1791. Sveinbjörn varð fyrsti skólastjóri Lærða skólans í Reykjavík en hann þýddi meðal annars jólasálminn Heims um ból. Við hvetjum alla sem koma í skólann til að veita verkunum sérstaka athygli og þökkum Áka kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf.



Bleikur dagur

Október er mánuður Bleiku slaufunnar, árveknis- og fjáröflunarátaks Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameinum hjá konum. Af því tilefni klæddust nemendur og starfsfólk Akurskóla margir hverjir einhverju bleiku föstudaginn 7. október. Það var bleikt yfirbragð á skólanum þennan dag.



Norræna skólahlaupið


Norræna skólahlaupið fór fram þriðjudaginn 2. október s.l. og er þetta verkefni sem flestir skólar á Íslandi og á Norðurlöndunum taka þátt í. Veitt voru verðlaun fyrir framúrskarandi árangur hjá hverju stigi fyrir sig og þeir nemendur sem hlupu 10 km eða meira fengu sérstaka viðurkenningu. Eins og önnur ár var farandbikar veittur sem fór að þessu sinni til Húna (2. bekkur) en hópurinn fékk bikar fyrir flesta km á hvern nemanda. Við óskum þeim til hamingju með góðan árangur. Alls hlupu allir nemendur Akurskóla 1505 km.



Niðurstöður samræmdra prófa

Í október fengu nemendur í 10. bekk niðurstöður samræmdra könnunarprófa og eru niðurstöðurnar afar jákvæðar fyrir skólann og samfélagið. Nemendur okkar eru yfir landsmeðaltali í ensku og stærðfræði sem er glæsilegur árangur.

Nemendur í 4. og 7. bekk fengu sínar niðurstöður í byrjun nóvember. Þar má sjá að þó að árangurinn sé á uppleið í þessum árgöngum þarf að bíta í skjaldarrendur til að ná ásættanlegum árangri.



Göngum í skólann — Gullskórinn

Að venju tóku nemendur Akurskóla þátt í verkefninu Göngum í skólann. Megin markmið Göngum í skólann eru að hvetja til aukinnar hreyfingar. Það er gert með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning



reglulegrar hreyfingar sem og að draga úr umferðarpunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu í umhverfismálum og vistvænum ferðamáta. Nánasta umhverfi er skoðað og þá sérstaklega hversu gönguvænt það er. Nemendur voru hvattir til að ganga eða hjóla í skólann í fjórar vikur. Einnig voru þeir nemendur sem þurftu að taka strætó eða voru keyrðir af foreldrum hvattir til að fara úr bílnum í hæfilegri vegalengd frá skólanum og fengu þá skráð að þeir hefðu gengið í skólann. Nemendur voru margir hverjir mjög duglegir við þetta verkefni.



Annað árið í röð var veitt viðurkenning fyrir bestan árangur á stigum. Gullskórinn var veittur fyrir 1. sætið á hverju stigi. Þeir hópar sem fengu viðurkenningu í ár voru Hvolpar á yngsta stigi, Hnúfubakar á miðstigi og Þrestir á unglingastigi.



Nýjar hjólagrindur



Á haustdögum fengum við nýjar hjólagrindur við unglingainnganginn. Það er mikill munur að koma upp að skólanum núna enda eru nemendur duglegir að setja hjólin í grindurnar. Á myndunum má sjá hvernig ástandið var fyrir (t.v.) og í dag (t.h.) þar sem hjóluð er komið snyrtilega fyrir á sínum stað.



Breytingar á skóladagatali Akurskóla

Á starfsmannafundi í Akurskóla 23. október var samþykkt einróma að óska eftir umsögn skólaráðs Akurskóla og í kjölfarið fræðsluráðs á breytingum á skóladagatali skólans.

Skólaráð samþykkti þessar breytingar án athugasemda á fundi 24. október og Fræðsluráð samþykkti breytingarnar 1. nóvember.

Helstu breytingar eru að við erum að færa okkur úr svokölluðu þriggja anna kerfi yfir í tveggja anna kerfi. Þetta þýðir að við munum skila formlegu námsmati til foreldra tvisvar á skólaárinu í janúar og júní. Við sem störfum í skólanum teljum það heillaspor að það hafi tekist að koma þessum breytingum á skóladagatalinu strax í gegn.

Dagar sem breytast eru:

28. nóvember verður venjulegur kennsludagur en ekki samtalsdagur.

17. janúar verður samtalsdagur en ekki venjulegur kennsludagur. Vorönn hefst 13. janúar

1. mars verður venjulegur kennsludagur en ekki samtalsdagur.

5. júní verður skertur nemendadagur - kennsla hluta úr degi - en verður ekki venjulegur kennsludagur. Samtalsdagar verða því þrír í stað fjögurra.



Skóladagatal 2012 - 2013

Samtalsdagur 2012-2013

28. nóvember verður venjulegur kennsludagur en ekki samtalsdagur.

17. janúar verður samtalsdagur en ekki venjulegur kennsludagur. Vorönn hefst 13. janúar

1. mars verður venjulegur kennsludagur en ekki samtalsdagur.

5. júní verður skertur nemendadagur - kennsla hluta úr degi - en verður ekki venjulegur kennsludagur. Samtalsdagar verða því þrír í stað fjögurra.

Við hvetjum foreldra og forráðamenn til að prenta út nýtt skóladagatal frá heimasíðu Akurskóla og kynna sér vel þessar breytingar.

Comeniusarverkefnið – Children protecting the planet

Í haust hófst formlega samvinna sex skóla í sex löndum í Comeniusarverkefninu Children Protecting the Planet. Grunnskólarnir sem taka þátt í verkefninu auk Akurskóla eru frá Frakklandi, Finnlandi, Póllandi, Spáni og Þýskalandi. Verkefnið felst í því að nemendur í þessum löndum vinna að verndun umhverfisins í sínum skóla og sinni heimabyggð. Verkefnin eru ólík eftir löndum og kennarar sem taka þátt í verkefninu hittast á misjöfnum stöðum í heiminum og vinna að sameiginlegum verkefnum. Þetta er spennandi viðfangsefni þar sem allur skólinn tekur þátt og tvinnar einnig inn þau umhverfisverkefni og markmið sem við í Akurskóla höfum þegar sett okkur. Eitt af stærri verkefnum var þegar nemendur Akurskóla tóku þátt í hreinsun strandlengjunnar núna í nóvember. Verkefnið var unnið í samvinnu við Bláa herinn og ruslið sem var fjarlæggt var 360 kg að þyngd.



Kennarar frá löndunum sex undirbúa verkefnið á fundi í Frakklandi

Brúum bilið

Samstarf grunnskóla og leikskóla



Á haustdögum hófst undirbúningur fyrir komu leikskólabarna frá Holti og Akri. Það eru u.þ.b. 50 börn sem hefja skólagöngu haustið 2013 í Akurskóla. Deildarstjóri tók á móti þeim í október og sýndi þeim skólann. Í nóvember fóru nemendur 1. bekkja í heimsókn á leikskólana. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur 1. bekkja og leikskólabörnin saman á sal Akurskóla og hlusta á rithöfundinn Konráð Sigurðsson, lesa úr bók sinni Jói kassi og löggustöðin. Í desember koma leikskólabörnin aftur í heimsókn í Akurskóla og þá munu þau sitja kennslustund með 1. bekkingum. Eftir áramót verður ýmislegt skemmtilegt í gangi t.d. sameiginlegt þorrapema, leikskólabörn fara í íþróttir og samsöng með 1. bekkingum og samverustund verður í Narfakotsseylu.



Bílastæði fatlaðra—tökum tillit!



Við Akurskóla eru þrjú sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða, tvö fyrir framan Akurskóla og eitt við unglingainnganginn. Þessi bílastæði eru eingöngu ætluð fötluðum og eru bílar þeirra merktir með staðiskorti (P-merki). Talsvert hefur borið á því að ómerktum bílum sé lagt í bílastæði fatlaðra. Vinsamlegast virðið rétt fatlaðra og leggið ekki í stæðin.

Nýtt skipulag í tölvuverinu

Í haust var tekið upp nýtt skipulag í tölvuverinu. Búið er að setja upp skjávarpa og ný borð og búa til stofu þar sem allir nemendur skólans geta komið með kennaranum sínum. Stofan hefur verið mjög vel nýtt síðan hún komst í gagnið þó að við séum enn að notast við gömlu tölvurnar. Nemendur og kennarar eru ánægðir með þessa breytingu.



Skammdegið skellur á!

Munum eftir endurskinsmerkjunum

Nú þegar skammdegið er skolið á viljum við minna alla á að nota endurskinsmerki. Einnig er tímabært fyrir yngstu nemendur að ganga frá hjólunum sínum og koma gangandi í skólann. Við minnum líka foreldra á að aka varlega í kringum skólann þar sem nemendur koma alls staðar að upp að honum.

OFT SÉST
EKKERT NEMA
ENDURSKINSMERKIN!

UMFERDAR
RÁÐ

Frá stjórn FFA

Starf foreldrafélagsins hefur farið vel af stað. Í haust stofnaði Foreldrafélag Akurskóla nýja Facebook-síðu. Við hvetjum alla foreldra til að leita uppi Foreldrafélag Akurskóla á Facebook og setja „Like“ við hana. Auk þess hafa bekkjafulltrúar einhverra nemendahópa útbúið hóp á Facebook sem foreldrar þyrftu að

bæta sér inn á en þar er vettvangur fyrir bekkjafulltrúa og foreldra að skiptast á hinum ýmsu upplýsingum og einnig búa til og/eða viðhalda tengslaneti.

Í vetur standa bekkjafulltrúar fyrir uppákomum í hópum nemenda og hafa einhverjir hópar nú þegar haldið bekkjarkvöld. Ástæða er til að taka það fram að foreldrum ber skylda til að mæta með börnum sínum á slíkar uppákomur. Ef foreldrar geta ekki komið með þeim þá ber foreldrum að finna staðgengil í sinn stað. Þrátt fyrir að uppákomur séu í skólanum þá eru börnin ekki þarna á ábyrgð skólans. Auk þess má ekki gleyma að svona samvera er gott tækifæri fyrir foreldra til að búa til tengslanet sín á milli og taka þátt í skólasamfélaginu.

Ýmsir atburðir verða á dagskrá í vetur. Nú þegar hefur Hafþór Barði Birgisson tómstunda- og félagsmálafræðingur verið fenginn til að halda fyrirlestur um tölvunotkun barna og unglina og var sá fyrirlestur ágætlegur sóttur. Margt gagnlegt kom þar fram sem á erindi við alla foreldra. Framundan eru svo Ég og þú, þú og ég, við tvö saman námskeið fyrir 1.-3. bekk sem verða



haldin 14. og 22. nóvember en þau hafa verið mjög vinsæl meðal foreldra og barna síðustu ár. Jólabingó verður svo í byrjun desember á vegum 6. bekkjar í fjáröflunarskyni fyrir Reykjaferð á næsta ári.

Rétt er að taka fram að undanfarin ár hafa foreldrar sammælt um að afmælisgjafir meðal nemenda fari ekki umfram 500 krónur, hvort sem

það er í formi gjafa eða peninga. Við leggjum til að svo verði áfram, sérstaklega á meðal yngri barnanna.

Foreldrafélagið vonast eftir að eiga gott og gefandi samstarf í vetur. Allir foreldrar barna í Akurskóla eru í foreldrafélaginu og er starf félagsins undir okkur öllum komið. Frábært er að sjá að foreldrar leggja sitt af mörkum með því að greiða félagsgjöldin sem gerir það kleift að styðja við nemendur skólans með ýmsum hætti. Við minnum foreldra á að greiða félagsgjöldin sem eru 1.500 kr. séu þeir ekki þegar búnir að því en það hafa alltaf verið góð skil á félagsgjöldum og er það afar mikilvægt til þess að FFA geti haldið áfram með sitt góða starf sem allt er í þágu nemenda.

Kveðja, stjórn FFA

Stjórn foreldrafélagsins

Jóna Guðrún Jónsdóttir	Formaður
Hrefna Viðarsdóttir	Varaformaður
Halldóra Hreinsdóttir	Gjaldkeri
Agnes Ásgeirsdóttir	Ritari
Þóra Guðrún Einarsdóttir	Meðstjórnandi
Katrín Jóna Ólafsdóttir	Meðstjórnandi
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir	Meðstjórnandi
Þórhallur Ingason	Varamaður
Örn Ævar Hjartarson	Varamaður